

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 16/98
frá 6. mars 1998**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/97 frá 28. nóvember 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB frá 21. apríl 1997 um samræmdar mælingaraðferðir til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21b (tilskipun ráðsins 94/67/EB) í XX. viðauka við samninginn:

21c. **397 D 0283:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB frá 21. apríl 1997 um samræmdar mælingaraðferðir til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs (Stjtið. EB nr. L 113, 30. 4. 1997, bls. 11).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 83.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 113, 30. 4. 1997, bls. 11.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner